

Fundur 19.4.2021 Katrín Thoroddsen

Komð þið blessuð og sæl.

Komdu blessuð.

Löng er orðin ganga mín og finnst mér árin hafa verið fleiri en þau hafa verið. Og finnst mér það furðum sæta að ég nái sambandi við gömlu jörðina og tel ég það til marks um það að loksins hafi ég náð þeim tindi fullkomnunarinnar að vera unnt að ná sambandi út fyrir hnöttinn og hreyfast úr þeim kringumstæðum sem hamlandi geta talist.

Og nálgast þær verur sem í upphafi dvalar minnar hér voru nefndar englar en hafa nú hlotið önnur heiti eftir því sem lengra hefur liðið á jarðvist þessa og betri upplýsingar hafa komið um eðli þeirra og alla þá möguleika sem eru í boði í þessu lífi.

Hefði ég aldrei trúað því fyrir nokkrum árum að hægt væri að tala við aðrar verur út fyrir hnöttinn.

Og var það nú einnig svo komið fyrir mér um langt skeið í þessu lífi að ég taldi ekkert líf eftir dauðann og gerði ég mér ekki grein fyrir því að orsök og afleiðingu, að lifði sjálf í slíku lífi.

Manneskjunni er það ekki gefið að setta sig við takmörk og mistök. Og er þá auðveldara að láta hverjum degi nægja sína þjáningu en spyrja sig að því afhverju maður er á slíkum stað og hvaða náttúrulögmál eru þar að verki sem gætu útskýrt versnandi stöðu miðað við það sem maður bjóst við.

Hef ég þó þroskast mikið hér í framlífi og veit ég nú að það sem á fyrir manni að liggja á einum hnetti og mun gerast aftur og aftur. Og þótt ég hafi ekki lent í því sjálf að fá nýjan líkama nema einu sinni er ég farinn að trúa því að slíkt muni gerast margsinnis og gleður það mig mjög að það skuli vera með þeim hætti.

Það er svo merkilegt til þess að hugsa að manneskjan myndar þol gegn kvölinni serm hún lendir í og feta sig áfram fet fyrir fet að betra lífi, þar til komið er á þann sjónarhól sem veitir möguleika til að fara úr myrkrinu yfir í dvalarstað þar sem einstaklingurinn getur veitt sér til matar og átt samneyti við þá sem eru á svipuðu sálrænu og andlegu sviði og maður sjálfur.

Og af því þroskast maður og áttar sig á umhverfinu og spyr sjálfan sig og aðra, spurninga og fer að átta sig á grundvallar þáttum tilverunnar og þau orð sem skelfa mann í fyrstu verða eðlileg og verða í samræmi við tilveruna, eins og trúarbrögðin kenndu þau orð.

Og síðan er hægt að komast sífellt hærra og það var reynsla mín á þessum hnetti og er enn.

Var það stórkostlegt þegar ég uppgötvaði að það sem fyrir mann kemur er ekki tilviljunum háð, heldur með reglubundnum hætti er tengt í kenningar, sem eiga sér jafn eðlilegar rætur og þyngdarafli hnattanna, ljóshraði og annað slíkt.

Og mesta breytingin var í því fólgin þegar ég eignaðist fyrsta barnið og hætti að eiga í haturs sambandi við hitt kynið.

Upp frá því hraðaði ég ferð minni í átt til dögunarlandanna, miklu meira heldur en hafði verið fram að því og varð mér unnt að komast í samband við hópa þá sem eru með trúar aðsetur í hofum þessum sem staðsett eru upp á háum fjöllum, en eru þó ekki fjöll sem eldgos eru í, eins og eru á þeim slóðum er ég fyrst kom fram, heldur tryggilegar byggingar sem ekki hrynja.

Og hef ég notið góðrar fræðslu og sé ég nú fram á það, að þótt ég komist nú ekki til gömlu jarðarinnar muni ég gera mér fyrirætlanir um að halda áfram með eitthvað af þess konar lífi og ég hafði skipulagt á jörðinni en með einhverjum breytingum í samræmi við þann mikla fróðleik sem ég hef fengið hér í framlífi.

Og finnst mér þetta allt býsna frumstætt miðað við gömlu jörðina en stendur það sennilega allt til bóta síðar.

Því ég hef frétt að samfélög séu á þesum hnetti virkileg og dásamleg og komi þaðan ljósverurnar sem hingað hafa komið til að leiðbeina okkur og hjálpa allan tímann.

Og munu þar vera vísindasamfélög mikil og margvíslegar tækni framfarir sem sumar eru ástæða fyrir allskonar hjátrúar hugmyndum þeirra kynflokka sem ég hef komist í samband við á ferðum mínum um hnött þennan á undanegnum árum og áratugum.

Finnst mér þetta allt hið merkilegasta og er nú farinn að gleðjast loks í raun og sanni á ný og sé ég nokkurs konar tilgang með þrautagöngu minni og upplifunum á þessum hnetti.

Ætla ég að gera framtíðar fyrirætlanir og komast úr þessum stað og vonandi í ljósheima löndin þar sem er eilíft sumar og kannski yfir í önnur líf ef það er rétt sem okkur er sagt.

Og get ég þá látið eitthvað af því rætast sem ég vann að á gömlu jörðinni, gamla Íslandi og eitthvað af þeim draumum. En ætla ég þó að leggja margt af því á hilluna og vera eiginkona en ekki fara gegn guði.

Við óskum þér alls hins besta.

Já ég þakka fyrir.

Ég vil gjarnan segja til mín og koma síðar til að mér sé unnt að.

Ég trúi að þú hafir styrkst mikið, bíddu Eiríkur.

Koma síðar svo mér sé unnt að greina frá hlutskipti mínu og örlögum og æfiskeiði.

Ég vaknaði í algjöru myrkri og villi- nokkurs konar hópar sem fóru um rænandi og drepanði skepnur og jafnvel menn, kvenna, verð að fara út í það síðar, íslensk kona.

Já, heitir?

Verð að kveðja bráðum, reyni að segja nafn mitt og vil gjarnan koma síðar er á framfara braut og vil segja frá ótal mörgu á þessum hnetti, Katrín Thoroddsen.

Já, læknir.

Já,

Já, já og þú lendir á svona erfiðum stað?

Já,

Já, er það út af fóstureyðingum?

Já, já, það held ég að sé rétt og ég vil gjarnan segja frá því síðar.

Já það verður spennandi.

Ég þakka fyrir gott hljóð og margt hér frá þessu lífi sem ég vil segja betur frá og gott að ég hef komið með undirstöðu atriði þessa lífs hér fram.

Verið þið sælir og þakka ykkur fyrir og tel ég að þetta sé mín hjálp að komast í þetta samband verið þið sælir.

Vertu sæl og takk fyrir. Gangi þér vel.

Takk fyrir.